
RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Sólborg v/Norðurlóð, IS-600 Akureyri

Sími 463-0570, Fax 463-0560

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.unak.is/rha>



ÁHRIF HVALEJARÐARGANGA Á SAMFÉLAG OG BYGGÐ Á VESTURLANDI

**NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MEÐAL ÍBÚA Á
SVÆÐUM NORÐAN GANGA ÁRIÐ 2003**

**Hjördís Sigursteinsdóttir
Kjartan Ólafsson**

október 2004

Helstu niðurstöður

- Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um viðhorf íbúa á Vesturlandi til ýmissa málefna er tengjast Hvalfjarðargöngum og áhrifum þeirra á samfélag og byggð á Vesturlandi. Rannsóknin var framkvæmd dagana 2. júní–22. september 2003. Um var að ræða póstkönnun meðal fólks á aldrinum 18-80 ára og var endanlegt úrtak 1484 manns. Svörun var um 56% sem telst viðunandi.
- Áhrif Hvalfjarðarganga á efnahag virðast einkum vera í þá veru að auka fjölbreytni atvinnutækifæra á Vesturlandi en síður til hækkunar launa eða aukins atvinnuöryggis.
- Áhrifa Hvalfjarðarganganna á verslun og þjónustu hefur að líkindum helst gætt á sviði sérvöruverslunar. Skoðanir fólks virðast hins vegar skiptar varðandi það hvort tilkoma ganganna hafi orðið til að auka eða minnka úrval. Einkum eru það íbúar á Akranesi og sunnan Skarðsheiðar sem telja að úrvalið hafi versnað.
- Mikill meirihluti fólks á Vesturlandi telur að engin breyting hafi orðið á þjónustu opinberra stofnana og stjórnsýslu eftir opnun Hvalfjarðarganganna
- Nærri tveir af hverjum þremur telja að tilkoma Hvalfjarðarganganna hafi gert búsetu í þeirra byggðarlagi traustari.
- Almennt séð gildir um áhrif Hvalfjarðarganganna að þeirra gætir langmest á sunnanverðu Vesturlandi. Jafnframt eru áhrif hvalfjarðarganganna ekki að öllu leyti þau sömu á karla og konur og er almenna tilhneigingin sú að konur verða síður fyrir áhrifum en karlar. Tengsl við aldur eru hins vegar ekki jafn skýr.

Efnisyfirlit

I Hluti – Almennar niðurstöður	7
<u>1. INNGANGUR</u>	7
1.1. FORMÁLI	7
1.2. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	7
1.3. ÚRVINNSLA	8
<u>2. NIÐURSTÖÐUR</u>	9
2.1. LAUNABRÓUN	9
2.2. ATVINNUTÆKIFÆRI	11
2.3. VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	15
2.4. VÆNTINGAR HEIMAMANNA	18
2.5. ÞJÓNUSTA HINS OPINBERA	22
2.6. UMHVERFIS - OG LÍFSGÆÐI	23
2.7. UMFERÐ OG UMFERÐARMYNSTUR	23
<u>3. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR</u>	29
II Hluti – Ítarleg greining eftir bakgrunnspáttum	31
III Hluti – Yfirlit yfir orðalag spurninga og dreifingu svara	95

1. Inngangur

1.1. Formáli

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri¹ stóð fyrir rannsókn meðal íbúa á Vesturlandi sumarið 2003 þar sem könnuð voru viðhorf þeirra til ýmissa málefna er tengjast Hvalfjarðargöngum. Rannsóknin var gerð að tilhlutan Spalar, Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Viðskiptaháskólans á Bifröst og Byggðastofnunar. Hún er hluti umfangsmikillar athugunar á áhrifum ganganna sem þessir aðilar gangast fyrir á þessu ári. Þar sem er sjónum beint að áhrifum Hvalfjarðarganga á öllu Vesturlandi, þ.e. í hinu gamla Vesturlandskjördæmi. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þess hluta rannsóknar sem unnin var af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Höfundar skýrslunnar eru þau Hjördís Sigursteinsdóttir, rekstrarfræðingur og Kjartan Ólafsson, félagsfræðingur en auk þess hafa dr. Grétar Þór Eypórsson, stjórn málafræðingur og Hjalti Jóhannesson, landfræðingur komið að verkinu.

1.2. Framkvæmd og heimtur

Rannsóknin náði til íbúa á Vesturlandi og var þýðið fólk á aldrinum 18-80 ára sem búsett var á þessu svæði í maí 2003. Úr þessum hópi var dregið 1540 manna slembiúrtak. Af þeim reyndust 56 vera fluttir eða af öðrum orsökum óaðgengilegir. Endanlegt úrtak varð því 1484 manns og endurspeglaði það ágætlega aldurs- og kynjaskiptingu þýðisins. Um var að ræða póstkönnun og bárust alls bárust 830 svör á tímabilinu 2. júní til 22. september og telst svörun því vera 55,9% sem er ágætlega viðunandi í rannsókn sem þessari.

Engin teljandi tengsl eru milli svörunar og bakgrunnspátta. Þannig er hlutfall karla og kvenna hið sama í hópi þeirra sem svara og í hópi þeirra sem neita að

¹ Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) er sjálfstæð stofnun innan Háskólans á Akureyri. Hlutverk RHA er að stuðla að og styðja við vísindalega starfsemi innan Háskólans og er stofnunin tengiliður milli Háskólans og atvinnulífsins hvað varðar rannsókn- og þróunarstarf. RHA aflar tekna til starfsemi sinnar með öflun rannsóknastyrkja, verkefnum og þjónustu

taka þátt. Sama má segja um aldur og búsetu eftir svæðum að brottfall er ekki óeðlilega hátt í neinum af þeim helstu undirhópum sem til skoðunar eru.

1.3. *Úrvinnsla*

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað var að meta ýmsa þætti sem talið var að væru til marks um áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag á Vesturlandi. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þar á meðal: Kynferði, aldri og búsetu eftir svæðum. Niðurstöður greininga eru, eftir því sem við á, settar fram á myndum sem sýna hlutfall þeirra sem svara á tiltekinn hátt.


Hafa ber í huga að hér er um úrtaksrannsókn að ræða en slíkar rannsóknir byggjast á þeirri forsendu að unnt sé að skoða hegðun og meta viðhorf stórra hópa fólks með því að spyrja hluta hópsins sé þess aðeins gætt að þeir sem rætt er við hafi ekki aðrar skoðanir eða hegði sér á annan hátt en þeir sem ekki er rætt við. Þetta er venjulega tryggt með því að velja þá sem rætt er við af handahófi úr hópi allra mögulegra viðmælenda (dregið er slembiúrtak) og leitast við að ná til eins stórs hluta þeirra og mögulegt er (svörun sé viðunandi). Þessi aðferð felur þó í sér að búast má við að niðurstöður rannsóknar víki litillega frá því sem verið hefði ef rætt hefði verið við alla mögulega viðmælendur (í þessu tilviki alla íbúa á viðkomandi svæðum á Vesturlandi á aldrinum 18-80 ára). Áreiðanleiki niðurstaðna í þessari rannsókn er metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af slíkri greiningu í umræðu um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar eru.

2. Niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar meðal almennings á Vesturlandi um áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð.


2.1. Launaþróun

Í könnuninni var spurt um áhrif ganganna á launatekjur. Í ljós kom að þegar litið er á Vesturland í heild taldi minnihluti þátttakenda í könnuninni að tilkoma Hvalfjarðarganganna árið 1998 hefði haft í för með sér hærri launatekjur hjá þeim sjálfum. Á þessu var þó umtalsverður munur milli svæða á þann hátt að íbúar á Akranesi og sunnan Skarðsheiðar töldu í meira mæli en aðrir íbúar á Vesturlandi að tilkoma ganganna hefði leitt af sér hærri atvinnutekjur.




Mynd 1. Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til hærri atvinnutekna hjá mér.

Nokkur munur er á viðhorfum fólks á Vesturlandi til hækkunar atvinnutekna eftir kynferði. Munurinn er á þann veg að konur eru í mun minni mæli en karlar sammála því að göngin hafi fært þeim hærri atvinnutekjur. Þessi almenni munur milli kynja er jafnframt til staðar á öllum fjórum undirsvæðunum. Engar ályktanir verða dregnar um ástæðu þessara ólíku viðhorfa af þeim gögnum sem hér eru til skoðunar. Ef hins vegar áhrif á launatekjur eru til komin vegna aukins hreyfanleika kann að vera að konur hafi einhverra hluta vegna síður notið eða getað nýtt sér slíkan ávinning.



Mynd 2: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til hærri atvinnutekna hjá mér, greint eftir kynferði.

Nokkur munur er einnig eftir aldri á viðhorfum til áhrifa Hvalfjarðarganganna því svo virðist sem þeir sem eru milli 25 ára og sextugs finni frekar en aðrir aldurshópar fyrir því að laun hafi hækkað. Þetta má mögulega skýra með vísan til þess að þetta eru þeir aldurshópar sem eru hvað virkastir á vinnumarkaði og e.t.v. er herra hlutfall fólks á þessum aldri sem getur nýtt sér þau tækifæri sem felast í meiri hreyfanleika og styttri vegalengdum.




Mynd 3: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til hærri atvinnutekna hjá mér, greint eftir aldri.

Í öllum aldurshópum ofan við 25 ára eru þeir fjölmennastir sem eru algerlega eða frekar ósammála því að laun þeirra sjálfra hafi hækkað vegna tilkomu Hvalfjarðarganganna. Líkt og við er að búast er hæsta hlutfall þeirra sem eru

Óvissir í afstöðu sinni í yngsta aldurshópnum enda afar fáir í þeim hópi sem hafa reynslu á vinnumarkaði frá því áður en göngin voru opnuð.


2.2. Atvinnutækifæri

Þegar spurt var um þróun atvinnutækifæra eftir tilkomu Hvalfjarðarganganna kom í ljós það eru einkum íbúar syðst á Vesturlandi sem eru algerlega eða frekar sammála því að atvinnutækifæri séu fjölbreyttari vegna tilkomu ganganna. Þarna sker fólk á Akranesi sig úr hvað það varðar að þar eru mun fleiri algerlega eða frekar sammála því að Hvalfjarðargöngin hafi leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra en er á öðrum svæðum á Vesturlandi. Þannig eru um 2/3 svarenda á Akranesi á þessari skoðun, samanborið við um helming svarenda í Borgarfirði. Þetta kemur alls ekki á óvart í ljósi þess að með tilkomu ganganna getur Akranes talist á atvinnusvæði margra fyrirtækja/stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi geta Snæfellsnes og Dalir ekki talist innan atvinnusvæðis fyrirtækja/stofnana á höfuðborgarsvæðinu enda er meirihluti svarenda þar því ósammála að göngin hafi leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra hjá þeim. Fyrir Vesturland í heild eru þeir þó fleiri sem eru þessu sammála.




Mynd 4: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra, greint eftir svæðum.

Un helmingur karla og kvenna eru sammála því að atvinnutækifæri séu fjölbreyttari með tilkomu ganganna. Karlarnir eru ívið fleiri um þessa skoðun en munur milli kynja er þarna ekki afgerandi.




Mynd 5: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra, greint eftir kynferði.

Þegar afstaðan til fullyrðingarinnar um fjölbreytni atvinnutækifæra er greind eftir aldri kemur skýr munur í ljós. Þeim mun yngri sem sverendur eru, þeim mun líklegri eru þeir til þess að vera sammála því að göngin hafi leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra. Á sama hátt eru þeir fjölmennari í eldri aldurshópum sem eru þessari fullyrðinu ósammála. Ekki er hægt að draga afdráttarlausar ályktanir hér um ástæður þessa en þessi mismunandi afstaða kann þó að stafa af því að yngri aldurshóparnir eigi fremur möguleikana á að sækja sér störf í þann fjölbreytta vinnumarkað sem opnaðist á höfuðborgar-svæðinu fyrir hluta íbúanna með tilkomu ganganna.




Mynd 6: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra, greint eftir aldri.

Þrátt fyrir að meirihluti svarenda á Vesturlandi telji tilkomu Hvalfjarðarganganna hafa leitt til fjölbreyttari atvinnutækifæra verður ekki sama sagt um atvinnuöryggi. Minnihluti svarenda á Vesturlandi í heild er sammála því að það hafi aukist með tilkomu ganganna. Munur milli svæða er með svipuðum hætti og áður þannig að íbúar á Akranesi eru að jafnaði líklegri en íbúar annarra svæða til að vera sammála fullyrðingunni. Þeir sem fjær búa eru hins vegar ósammála því að atvinnuöryggi hafi aukist þegar á heildina er litið, enda eru þeir að mestu utan atvinnusvæðis fyrirtækja/stofnana á höfuðborgarsvæðinu miðað við algenga skilgreiningu á stærð atvinnusvæðis.




Mynd 7: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur aukið atvinnuöryggi í mínu byggðaralagi, greint eftir búsetu.

Konur eru fremur en karlar, ósammála því að atvinnuöryggi þeirra hafi aukist. Ekki verður fullyrt um ástæður þeirrar niðurstöðu en það má geta sér þess til að þetta kunni að stafa af því að störf þar sem konur eru hlutfallslega stór hluti vinnuafslins hafi fremur orðið fyrir barðinu á minnkun fjarlægðarverndar vegna tilkomu ganganna. Atvinnugreinar sem þar um ræðir geta t.d. verið sérhæfðari verslanir og þjónusta, einkum á sunnanverðu svæðinu.



Mynd 8: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur aukið atvinnuöryggi í mínu byggðaralagi, greint eftir kynferði.

Sé viðhorf til breytinga á atvinnuöryggi greint eftir aldri kemur í ljós að ekki virðist vera mikill munur milli einstakra aldurshópa hvað þetta varðar. Þó eru einstaklingar í elsta aldurshópnum að jafnaði í meira mæli sammála því að atvinnuöryggi hafi aukist en þeir sem yngri eru.




Mynd 9: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur aukið atvinnuöryggi í mínu byggðaralagi, greint eftir aldri.

Þetta er öndvert við það sem sjá mátti þegar spurt var um fjölbreytni starfa. Í þessu sambandi er athyglisvert að bera saman elsta aldurshópin sem man tímana tvönnu í þessum efnunum og hinn yngsta. Þeir yngri eru þannig fyrst og fremst óvissir hvað þennan þátt varðar og kemur varla á óvart því þessi hópur er vart orðinn hluti af vinnumarkaðinum eða hefur komið inn á hann eftir

opnun ganganna. Svör elsta aldurshópsins sem er á leið út af vinnumarkaði má hins vegar ef til vill túlka sem almenna tilfinningu fyrir því að tilkoma ganganna hafi frekar styrkt það sem fyrir var en að auka fjölbreytni eða skapa ný störf á svæðinu.

2.3. Verslun og þjónusta

Þegar spurt er um breytingar á verslun og þjónustu kemur í ljós að það er einkum úrval matvöru sem svarendur í könnuninni telja að hafi batnað eftir að göngin voru opnuð. Þarna er í raun alls óvíst um áhrif ganganna sem slíkra þó benda megi á að eftir opnun ganganna var opnuð Nettó-verslun á Akranesi og Bónus-verslun í Borgarnesi. Hvort tilkoma þeirra verslana tengist opnun Hvalfjarðarganganna á einhvern hátt er hins vegar alls óvíst enda virðist það hafa verið almenn þróun á þeim tíma sem liðinn er frá opnun ganganna svokölluðum lágvöruverðsverslunum hafi fjölgaði mjög utan höfuðborgar-svæðisins á árunum 1999 – 2002².




Mynd 10: Þróun ýmissa þjónustubátta í heimabyggð eftir opnun Hvalfjarðarganganna árið 1998.

Þegar kemur að úrvali á fatnaði og annarri sérvöru eru þeir jafn margir sem telja að það hafi batnað og þeir sem telja að það hafi versnað, svipað gildir um þróun annarrar sérhæfðrar þjónustu. Ef til vill má draga þá ályktun á

² Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun (2003, bls.128) *Fólk og fyrirtæki: Um búsetu- og starfsskilyrði á landsbyggðinni*. Bygðarannsóknastofnun og Hagfræðistofnun


grundvelli þess hóps sem telur að þessi þjónusta hafi versnað frá opnun ganganna að fyrirtæki í þessum geira hafi átt undir högg að sækja vegna minni fjarlægðarverndar.

Eins og fram kom hér að ofan var því velt upp að tilkoma Nettó og Bónuss kynni að hafa verið sú breyting á matvöruúrvali sem mestu máli skipti. Myndin hér að neðan rennir styrkari stoðum undir þá tilgátu en það er einkum á þeim stöðum (Akranes og Borgarnes) sem þessar búðir hafa verið opnaðar sem menn telja úrvalið hafa aukist.




Mynd 11: Breyting á úrvali á matvöru, greint eftir svæðum.

Hvað úrval á fatnaði og annarri sérvöru varðar sker Akranes og nágrenni sig algerlega úr. Meiri hluti svarenda þar telur úrval á fatnaði og annarri sérvöru hafa versnað eftir opnun ganganna. Þarna má ef til vill draga þá ályktun að íbúarnir hafi talið að þjónusta hafi verið allgóð fyrir opnun ganganna en að hún hafi, líklega vegna minni fjarlægðarverndar frá höfuðborgarsvæðinu, dregist saman eftir opnun gagnanna. Annað virðist gilda um Borgarfjörð og Mýrar. Þar eru þeir mun fleiri sem telja að þjónustan hafi batnað. Ekki er auðvelt að draga afdráttarlausar ályktanir af þessari niðurstöðu en hvort tveggja kann að koma til að þjónusta á þessu sviði hafi ekki verið mjög umfangsmikil þar fyrir opnun. Ennfremur er mögulegt að Borgarnes njóti heldur meiri fjarlægðarverndar en Akranes. Á Snæfellsnesi hefur breyst lítils háttar til batnaðar að þessu leyti, en upp úr stendur að flestir telja að úrvalið hafi hvorki batnað né versnað.



Mynd 12: Breyting á úrvali á fatnaði og annari sérvöru, greint eftir svæðum.


Svipuð niðurstaða fæst þegar skoðuð er breyting á úrvali sérhæfðrar þjónustu eftir svæðum. Þeir eru heldur fleiri á Akranesi sem telja að úrvalið hafi versnað en þeir sem telja að það hafi batnað. Norðar á svæðinu eru þeir hins vegar fleiri sem telja úrvalið hafa batnað. Uppúr stendur þó að á öllum svæðum er það stærstur hluti svarenda sem telur úrval sérhæfðrar þjónustu ekkert hafa breyst eftir opnun ganganna.



Mynd 13: Breyting á sérhæfðri þjónustu, greint eftir svæðum.

Gjarnan hefur verið rætt um það í tengslum við samgöngubætur að sveitarfélögum og ríki gefist við það tækifæri til að hagræða í sínum rekstri. Ekki er að sjá að slíkt hafi átt sér stað í neinum teljandi mæli ef marka má viðbrögð svarenda könnunarinnar. Á öllum svæðum er það yfir gnæfandi


meirihluti sem telur að þessi þjónusta hafi hvorki batnað né versnað sem ef til vill má túlka á þann hátt að hún hafi lítið sem ekkert breyst. Yfir heildina eru þó mun fleiri sem telja þjónustuna hafa batnað en versnað, þar er lítil sem enginn svæðislegur munur og kann það að stafa af því að þær breytingar sem hafa orðið séu vegna almennrar þróunar í opinberri stjórnsýslu- og þjónustu á tímabilinu.



Mynd 14: Breyting á þjónustu opinberra stofnana og stjórnsýslu, greint eftir svæðum.


2.4. Væntingar heimamanna

Þegar spurt var um almennt viðhorf og væntingar fólks á Vesturlandi kom glögglega í ljós það viðhorf að tilkoma Hvalfjarðarganga hefði haft almenn jákvæð áhrif á samfélag á Vesturlandi. Þannig kom það greinilega fram að mun fleiri eru algjörlega eða frekar sammála því að tilkoma Hvalfjarðarganganna hefi gert búsetu í byggðarlaginu (byggðarlagi þess sem svarar hverju sinni) traustari. Greint eftir svæðum kemur fram nokkur munur. Sunnan til á svæðinu eru svarendur í mun meira mæli sammála þessu en eftir því sem norðar dregur minnkar stuðningur við fullyrðinguna. Hvað þetta atriði varðar virðist því líkt farið og með önnur áhrif af gönunum að þau virðast minnka eftir því sem fjær dregur frá þeim.




Mynd 15: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur gert búsetu í byggðarlaginu traustari, greint eftir svæðum.

Þegar þetta viðhorf er greint eftir kynferði kemur í ljós að karlar eru frekar en konur, sammála þeirri fullyrðingu að tilkoma Hvalfjarðarganganna hafi gert búsetu á svæðinu traustari. Þannig er trú þeirra á byggðarleg áhrif ganganna meiri. Ef svör þeirra við öðrum spurningum eru skoðuð kemur í ljós ákveðið samræmi. Þeir eru nefnilega einnig líklegri en konur til þess að nýta sér þau tækifæri sem göngin hafa upp á að bjóða, til dæmis hvað varðar atvinnusókn til höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 16: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur gert búsetu í byggðarlaginu traustari, greint eftir kynferði.




Mynd 17: Tilkoma Hvalfjarðarganganna 1998 hefur gert búsetu í byggðarlaginu traustari, greint eftir aldri.

Auk þess að spyrja beint um mat fólks á áhrifum Hvalfjarðarganganna var spurt hvort svarendur teldu það líklegt eða ólíklegt að þeir myndu á næstu tveimur til þremur árum flytja búferlum frá byggðarlaginu. Flestir telja slíkan flutning mjög eða frekar ólíklegan og er sá hópur jafn stór á öllum svæðum á Vesturlandi. Hópurinn sem telur flutning alveg útilokaðan er hins vegar stærstur syðst en minnkar eftir því sem norðar dregur. Á sama hátt fjölgar þeim sem telja mætti rótlausu eftir því sem norðar dregur, þ.e. þeim sem telja flutning mjög eða frekar líklegan.




Mynd 18: Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir á næstu tveimur til þremur árum, flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú, greint eftir svæðum.

Þegar afstaðan til hugsanlegra búferlaflutninga er greind eftir kynferði kemur í ljós að enginn munur er þar á. Með öðrum orðum þá eru karlar og konur á Vesturlandi jafn líkleg til að sjá fyrir sér búferlaflutninga á næstu tveimur til þremur árum.



Mynd 19: Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir á næstu tveimur til þremur árum, flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú, greint eftir kynferði.


Nokkur tengsl eru milli aldurs og afstöðu til hugsanlegra búferlaflutninga. Þannig eru hinir yngri að jafnaði líklegri en þeir sem eldri eru til að telja flutning koma til greina. Þetta kemur heim og saman við þá almennu reglu í þessum efnum að fólk á aldrinum 20-35 ára er að jafnaði virkast í búferlaflutningum.



Mynd 20: Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir á næstu tveimur til þremur árum, flytja frá því byggðarlagi þar sem þú býrð nú, greint eftir aldri.

2.5. Þjónusta hins opinbera

Í könnuninni var spurt um breytingar á aðgengi íbúa að framhaldsskóla- og háskólamenntun. Þar kom fram að mikill meirihluti svarenda telur þetta aðgengi hafa batnað nokkuð eða mikið eins og myndin að neðan sýnir. Svipað mynstur kemur og fyrir ýmsa aðra þætti þegar þetta er greint eftir svæðum. Á Akranesi og nágrenni telur hæst hlutfall svarenda þetta aðgengi hafa batnað, þegar fjær dregur fækkar þeim sem eru þessar skoðunar og eru fæstir á Snæfellsnesi, um helmingur svarenda. Athyglisverður munur er á svörum þeirra og Dalamanna hvað aðgengi að háskólamenntun varðar því ekki er að sjá að vegalengdir eða aðrar hindranir skýri þennan skoðanamun. Hins vegar má velta upp þeim möguleika að íbúar í Dölum annars vegar og á Snæfellsnesi hins vegar hafi mismunandi hugmyndir um hvað felist í góðu aðgengi að menntun.



Mynd 21: Hlutfall þeirra sem telja aðgengi að framhalds- eða háskólamenntun hafa batnað nokkuð eða mikið, greint eftir svæðum.


Varðandi aðgengi að heilbrigðisþjónustu var spurt hvort viðkomandi teldu að aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu hefði batnað, versnað eða staðið í stað eftir opnun Hvalfjarðarganga. Mikill meirihluti taldi (eða á bilinu 70-80%) taldi aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu hafa batnað nokkuð eða mikið og var enginn teljandi munur milli svæða hvað þetta varðar. Þetta kemur heim og saman við svör við spurningunni um þróun opinberrar þjónustu og stjórnsýslu. Þannig virðist hið opinbera ekki hafa gert neinar teljandi breytingar á þjónustu sinni við íbúa á Vesturlandi og stytting

vegalengdarinnar til höfuðborgarsvæðisins því aðeins fært vestlendingum greiðari aðgang að þjónustu á þessu sviði án þess að dregið hafi úr þjónustu í héraði á móti.

Í könnun RHA var jafnframt spurt um aðgengi að íþrótt- og tómstundaiðkun og er þar svipað uppi á teningnum, það er að segja að um 60% fólks á Vesturlandi telur aðgengi að slíku hafa batnað frá opnun Hvalfjarðarganga. Enginn teljandi munur er á þessu milli svæða.

2.6. Umhverfis- og lífsgæði

Af svörum í könnuninni má merkja að áhrif Hvalfjarðarganganna eru mikil hvað varðar aðgengi að menningarlífi og skemmtunum. Á Vesturlandi sem heild eru þannig um 4 af hverjum 5 sem telja að aðgengi að þessum þáttum hafi batnað nokkuð eða mikið með tilkomu ganganna. Þegar þetta er greint eftir svæðum kemur sama mynstur fram og fyrir ýmsa aðra þætti. Áhrifin eru mest næst göngunum, þ.e. á Akranesi og sunnan skarðsheiðar en þegar fjær dregur, samt sem áður eru þessi áhrif allstaðar umtalsverð.




Mynd 22: Hlutfall þeirra sem telja aðgengi að menningarlífi eða skemmtunum hafa batnað nokkuð eða mikið, greint eftir svæðum.

2.7. Umferð og umferðarmynstur


Ekki verður ráðið af svörum úr könnuninni hvort fólk á Vesturlandi telur almennt að aukin umferð í kjölfar opunar Hvalfjarðarganga sé til ama eða ekki. Hins vegar sýnir könnunin að það er mun frekar umferðarþunginn

sunnan ganga (líkast til á höfuðborgarsvæðinu) sem fólk á Vesturlandi telur vera vandamál. Jafnframt að fleiri telja umferðarþungann vera vandamál á sumrin en á veturna.




Mynd 23: Hlutfall þeirra sem telur umferðarþunga oft, mjög oft eða alltaf vera of mikinn, sunnan og norðan ganga og eftir árstímum.

Þegar spurt er um atvinnusókn til höfuðborgarsvæðisins koma glögglega í ljós áhrif Hvalfjarðarganganna í þá veru að stækka atvinnusvæði höfuðborgarsvæðisins. Samtals eru þannig einn af hverjum 10 svarendum sem búsettir eru á Akranesi og þar í kring sem segjast sækja vinnu eða nám alfarið til höfuðborgarsvæðisins og um tíundi hluti til viðbótar gerir það að hluta til.




Mynd 24: Sækir þú atvinnu eða nám til höfuðborgarsvæðisins, greint eftir búsetu.

Þegar þetta er greint eftir kynferði má sjá að karlar sækja í mun meira mæli atvinnu eða nám til höfuðborgarsvæðisins en konur. Karlar virðast þannig notfæra sér í mun meira mæli þau tækifæri sem göngin bjóða upp á hvað atvinnusókn varðar.




Mynd 25: Sækir þú atvinnu eða nám til höfuðborgarsvæðisins, greint eftir kynferði.

Þegar atvinnusóknin er greind eftir aldri kemur í ljós að það eru einkum þeir yngstu sem sækja alfarið vinnu eða nám til höfuðborgarsvæðisins. Fimmti hver svarandi sækir alfarið nám eða vinnu þangað. Ætla má að nám vegi þar þungt.




Mynd 26: Sækir þú atvinnu eða nám til höfuðborgarsvæðisins, greint eftir aldri.

Þegar litið er á Vesturland sem heild telur um þriðjungur svarenda í könnuninni að ferðum sínum til höfuðborgarsvæðisins hafi fjölgað mjög mikið með tilkomu Hvalfjarðarganganna. Þegar þetta er greint eftir svæðum kemur í ljós að fjölgun ferða er mest syðst á svæðinu, næst göngunum en aðdráttaraflíð minnkar þegar fjær dregur. Þetta er í samræmi við kenningar og líkön um aðdráttarafl stærðarinnar.




Mynd 27: Hefur ferðum til höfuðborgarsvæðisins fjölgað eða fækkað með tilkomu Hvalfjarðarganga, greint eftir búsetu.

Þegar þetta er greint eftir kynferði má sjá að lítill munur á fjölgun ferða til höfuðborgarsvæðisins milli karla og kvenna.



Mynd 28: Hefur ferðum til höfuðborgarsvæðisins fjölgað eða fækkað með tilkomu Hvalfjarðarganga, greint eftir kynferði.

Þegar tíðni ferða er greind eftir aldri má hins vegar sjá töluverðan mun. Þeir sem eru í yngsta aldurshópnum eru þannig mun líklegri en þeir sem eldri eru til að hafa fjölgað ferðum sínum mjög mikið. Með hækkandi aldri eru þeir að sama skapi færri sem svara því til að þeir hafi breytt ferðamynstri sínu á þennan hátt. Af þessu má ef til vill draga þá ályktun að þeim mun yngri sem maður er, þeim mun líklegri er maður til að breyta hegðun sinni að þessu leyti og hagnýta sér þau tækifæri sem breyttar samgöngur hafa upp á að bjóða.



Mynd 29: Hefur ferðum til höfuðborgarsvæðisins fjölgað eða fækkað með tilkomu Hvalfjarðarganga, greint eftir aldri.

3. Samandregnar niðurstöður

Niðurstöður þeirrar rannsóknar sem kynnt hefur verið hér að framan leiða í ljós með ótvíræðum hætti það mat íbúa á Vesturlandi að opnun Hvalfjarðarganganna árið 1998 hafi haft umtalsverð áhrif á samfélag og byggð á Vesturlandi en að áhrifin séu mismunandi eftir því hvaða svið samfélagsins er að ræða. Rannsóknin leiðir jafnframt í ljós að þessi áhrif eru nokkuð mismunandi eftir félagslegri og landfræðilegri stöðu fólks. Nefna mætti nokkra þætti sem eru til marks um þetta.

Áhrif á vinnumarkað virðast fyrst og fremst vera fólgin í fjölgun atvinnutækifæra fyrir fólk á Vesturlandi. Síður virðist hins vegar um að ræða áhrif á launatekjur eða aukið atvinnuöryggi.

Áhrif á verslun og þjónustu virðast vera með þeim hætti að úrval matvöru hefur aukist meðan úrval á fatnaði og annarri sérvöru hefur í einhverjum tilvikum dregist saman. Það sama á við um aðra sérhæfða þjónustu en áhrif á þjónustu opinberra stofnana og stjórnsýslu virðast hins vegar lítil sem engin.

Þrátt fyrir að íbúar á Vesturlandi telji almennt að tilkoma Hvalfjarðarganganna hafi haft lítil áhrif þjónustu opinberra stofnana og stjórnsýslu telur þó mikill meirihluti að með tilkomu ganganna hafi aðgengi að bæði framhalds- og háskólamenntun batnað nokkuð eða mikið.

Almennt séð virðast Hvalfjarðargöngin hafa aukið íbúum á Vesturlandi bjartsýni á framtíðina og tiltrú á byggðarlagið þar sem viðkomandi er búsettur. Þannig eru næstum tveir af hverjum þremur þeirrar skoðunar að tilkoma Hvalfjarðarganganna hafi gert búsetu í byggðarlaginu traustari.

Almennt séð gildir um áhrif Hvalfjarðarganganna að þeirra gætir langmest á sunnanverðu Vesturlandi. Jafnframt eru áhrif Hvalfjarðarganganna ekki að öllu leyti þau sömu á karla og konur og er almenna tilhneigingin sú að konur verða síður fyrir áhrifum en karlar. Tengsl við aldur eru hins vegar ekki jafn skýr, en áhrifin virðist vera meiri á yngri aldurshópum.

II Hluti


Ítarleg greining eftir bakgrunnspáttum

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins að sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

MÉR STAFAR HÆTTA AF ÖÐRUM VEGFARENDUM:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	197	25,3	3,1
Stundum	448	57,6	2,3
Oft	91	11,7	1,4
Mjög oft	31	4,0	0,8
Nær alltaf	11	1,4	2,3
Alls	778	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Sjaldan/aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	778	82,9	11,7	5,4	-78
Kyn:					
Karl	397	84,9	10,3	4,8	-80
Kona	381	80,8	13,1	6,0	-75
Aldur:					
25 ára og yngri	109	81,7	11,0	7,3	-74
26-45 ára	302	81,1	12,9	6,0	-75
46-59 ára	207	84,1	10,6	5,3	-79
60 ára og eldri	160	85,6	11,3	3,1	-83
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	359	84,1	10,6	5,3	-79
Borgarfjörður og Mýrar	185	77,3	16,2	6,5	-71
Snæfellsnes	183	85,2	9,8	4,9	-80
Dalir	49	85,7	10,2	4,1	-82
Heimilisástandur:					
Engin börn á heimili	351	81,5	12,5	6,0	-76
Börn á heimili	427	84,1	11,0	4,9	-79
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	70	82,9	8,6	8,6	-74
Í vinnu	581	82,4	12,2	5,3	-77
Utan vinnuafsl/ekki í vinnu	122	85,2	10,7	4,1	-81
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	555	82,5	12,3	5,2	-77
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	205	83,9	10,2	5,9	-79

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

UMFERÐARÞUNGI SUNNAN GANGA ER OF MIKILL:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	117	15,3	2,6
Stundum	328	42,9	3,5
Oft	201	26,3	3,1
Mjög oft	92	12,0	2,3
Nær alltaf	26	3,4	1,3
Alls	764	100,0	



* hlutfall þeirra sem svara


Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	764	58,2	26,3	15,4	-43
Kyn:					
Karl	386	60,1	25,4	14,5	-40
Kona	378	56,3	27,2	16,4	-46
Aldur:					
25 ára og yngri	108	61,1	22,2	16,7	-44
26-45 ára	300	57,7	25,7	16,7	-41
46-59 ára	200	54,5	31,0	14,5	-40
60 ára og eldri	156	62,2	24,4	13,5	-49
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	359	59,1	27,0	13,9	-45
Borgarfjörður og Mýrar	177	59,3	26,6	14,1	-45
Snæfellsnes	180	55,0	23,3	21,7	-33
Dalir	46	60,9	30,4	8,7	-52
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	340	59,1	24,4	16,5	-43
Börn á heimili	424	57,5	27,8	14,6	-43
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	68	61,8	27,9	10,3	-52
Í vinnu	573	58,3	25,8	15,9	-42
Utan vinnuafis	119	57,1	26,9	16,0	-41
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	546	58,4	25,6	15,9	-43
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	199	54,8	30,2	15,1	-40

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

UMFERÐARÞUNGI NORÐAN GANGA ER OF MIKILL:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	275	36,8	3,5
Stundum	325	43,4	3,6
Oft	110	14,7	2,5
Mjög oft	29	3,5	1,3
Nær alltaf	9	1,2	0,8
Alls	748	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	748	80,2	14,7	5,1	-75
Kyn:					
Karl	379	83,1	12,4	4,5	-79
Kona	369	77,2	17,1	5,7	-72
Aldur:					
25 ára og yngri	107	79,4	12,1	8,4	-71
26-45 ára	298	79,5	16,1	4,4	-75
46-59 ára	196	79,1	17,3	3,6	-76
60 ára og eldri	147	83,7	10,2	6,1	-78
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	355	84,5	10,1	5,4	-79
Borgarfjörður og Mýrar	175	72,0	21,1	6,9	-65
Snæfellsnes	171	80,7	16,4	2,9	-78
Dalir	45	75,6	20,0	4,4	-71
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	328	79,9	14,6	5,5	-74
Börn á heimili	420	80,5	14,8	4,8	-76
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	68	82,4	10,3	7,4	-75
Í vinnu	563	79,4	15,6	5,0	-74
Utan vinnuafis/ekki í vinnu	113	83,2	12,4	4,4	-79
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	536	80,2	14,6	5,2	-75
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	194	78,9	16,0	5,2	-74

Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins að sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

HVASSVIÐRI/SVIPTIVINDAR:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	221	28,4	3,2
Stundum	405	52,1	3,6
Oft	109	14,0	2,5
Mjög oft	36	4,6	1,5
Nær alltaf	6	0,8	0,6
Alls	748	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	777	80,6	14,0	5,4	-75
Kyn:					
Karl	395	85,3	9,9	4,8	-81
Kona	382	75,7	18,3	6,0	-70
Aldur:					
25 ára og yngri	109	66,1	22,9	11,0	-55
26-45 ára	300	81,3	14,0	4,7	-77
46-59 ára	206	80,6	13,6	5,8	-75
60 ára og eldri	162	88,9	8,6	2,5	-86
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	359	80,8	13,1	6,1	-75
Borgarfjörður og Mýrar	181	81,2	14,9	3,9	-77
Snæfellsnes	185	81,1	14,1	4,9	-76
Dalir	50	76,0	16,0	8,0	-68
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	351	80,1	13,7	6,3	-74
Börn á heimili	426	81,0	14,3	4,7	-76
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	68	70,6	22,1	7,4	-63
Í vinnu	579	81,9	13,1	5,0	-77
Utan vinnuafls	126	79,4	14,3	6,3	-73
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	550	79,3	15,1	5,6	-74
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	206	85,4	10,2	4,4	-81

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins að sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

VIÐSJÁRVERÐIR VEGIR:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	451	63,4	3,5
Stundum	204	28,7	3,3
Oft	37	5,2	1,6
Mjög oft	10	1,4	0,9
Nær alltaf	9	1,1	0,8
Alls	711	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	711	92,1	5,2	2,7	-88
Kyn:					
Karl	359	92,2	6,4	1,4	-91
Kona	352	92,0	4,0	4,0	-88
Aldur:					
25 ára og yngri	105	91,4	5,7	2,9	-88
26-45 ára	291	91,4	6,9	1,7	-90
46-59 ára	184	92,9	2,7	4,3	-89
60 ára og eldri	131	93,1	4,6	2,3	-91
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	330	93,6	4,5	1,8	-92
Borgarfjörður og Mýrar	171	93,6	4,7	1,8	-92
Snæfellsnes	163	90,8	5,5	3,7	-87
Dalir	45	80,0	11,1	8,9	-71
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	308	91,9	4,5	3,6	-88
Börn á heimili	403	92,3	5,7	2,0	-90
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	65	83,1	12,3	4,6	-79
Í vinnu	542	93,0	4,4	2,6	-90
Utan vinnuafls	100	93,0	5,0	2,0	-73
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	507	92,7	4,7	2,6	-90
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	189	90,5	6,3	3,2	-88

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð sumarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

ÉG NÝTI MÉR UPPLÝSINGAVEITUR UM ÁSTAND VEGA:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	227	29,6	3,2
Stundum	211	27,5	3,2
Oft	151	19,7	2,8
Mjög oft	108	14,1	2,5
Nær alltaf	69	9,0	2,0
Alls	766	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	766	57,2	19,7	23,1	-34
Kyn:					
Karl	386	62,4	20,7	16,8	-46
Kona	380	51,8	18,7	29,5	-22
Aldur:					
25 ára og yngri	109	58,7	18,3	22,9	-36
26-45 ára	300	56,3	18,7	25,0	-31
46-59 ára	203	53,2	23,2	23,6	-30
60 ára og eldri	154	63,0	18,2	18,8	-44
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	359	62,4	20,1	17,5	-45
Borgarfjörður og Mýrar	177	61,0	18,1	20,9	-40
Snæfellsnes	182	45,1	20,9	34,1	-11
Dalir	46	52,2	19,6	28,3	-24
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	344	58,7	18,6	22,7	-36
Börn á heimili	422	55,9	20,6	23,5	-32
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	70	60,0	14,3	25,7	-34
Í vinnu	572	56,8	20,8	22,4	-34
Utan vinnuafns	119	55,5	18,5	26,1	-29
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	550	55,8	19,8	24,4	-31
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	201	60,7	20,4	18,9	-42

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð vetrarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

MÉR STAFAR HÆTTA AF ÖÐRUM VEGFARENDUM:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	150	19,4	2,8
Stundum	438	56,6	3,5
Oft	118	15,2	2,5
Mjög oft	58	7,5	1,9
Nær alltaf	10	1,3	0,8
Alls	774	100,0	



* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	774	76,0	15,2	8,8	-67
Kyn:					
Karl	393	77,9	15,3	6,9	-71
Kona	381	74,0	15,2	10,5	-64
Aldur:					
25 ára og yngri	109	67,0	20,2	12,8	-54
26-45 ára	301	72,8	17,3	10,0	-63
46-59 ára	207	80,7	14,0	5,3	-75
60 ára og eldri	157	82,2	9,6	8,3	-74
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	364	77,5	15,7	6,9	-71
Borgarfjörður og Mýrar	178	74,7	12,9	12,4	-62
Snæfellsnes	181	75,1	14,4	10,5	-65
Dalir	49	75,5	20,4	4,1	-71
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	345	76,2	13,9	9,9	-66
Börn á heimili	429	75,8	16,3	7,9	-68
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	69	69,6	21,7	8,7	-61
Í vinnu	582	75,8	16,2	8,1	-68
Utan vinnuafsl/ekki í vinnu	119	80,7	7,6	11,8	-69
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	550	75,8	14,7	9,5	-66
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	205	75,6	17,1	7,3	-68


Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins að vetrarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

UMFERÐARÞUNGI SUNNAN GANGA ER OF MIKILL:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	219	29,2	3,3
Stundum	327	43,5	3,6
Oft	124	16,5	2,7
Mjög oft	64	8,5	2,0
Nær alltaf	17	2,3	1,1
Alls	751	100,0	

* hlutfall þeirra sem svara




Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	751	72,7	16,5	10,8	-62
Kyn:					
Karl	379	75,7	12,7	11,6	-64
Kona	372	69,6	20,4	9,9	-60
Aldur:					
25 ára og yngri	109	78,0	11,9	10,1	-68
26-45 ára	297	71,4	18,5	10,1	-61
46-59 ára	198	71,7	19,2	9,1	-63
60 ára og eldri	147	72,8	12,2	15,0	-58
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	356	71,1	18,8	10,1	-61
Borgarfjörður og Mýrar	173	82,7	10,4	6,9	-76
Snæfellsnes	177	65,5	17,5	16,9	-49
Dalir	43	74,4	18,6	7,0	-67
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	327	73,1	14,4	12,5	-61
Börn á heimili	424	72,4	18,2	9,4	-63
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	68	82,4	14,7	2,9	-80
Í vinnu	566	73,0	16,6	10,4	-63
Utan vinnuafns	113	68,1	15,0	16,8	-51
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	535	72,5	16,1	11,4	-62
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	199	71,4	19,1	9,5	-61

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð vetrarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

UMFERÐARÞUNGI NORÐAN GANGA ER OF MIKILL:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	377	50,8	3,6
Stundum	281	37,9	3,5
Oft	63	8,5	2,0
Mjög oft	13	1,8	1,0
Nær alltaf	8	1,1	0,8
Alls	742	100,0	



* hlutfall þeirra sem svara


<i>Greiningar:</i>	<i>Fjöldi:</i>	<i>Sjaldan/aldrei eða stundum %</i>	<i>Oft %</i>	<i>Mjög oft eða nær alltaf %</i>	<i>Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %</i>
Heild:	742	88,7	8,5	2,8	-8,5
Kyn:					
Karl	375	90,4	6,9	2,7	-8,6
Kona	367	86,9	10,1	3,0	-8,4
Aldur:					
25 ára og yngri	108	88,9	8,3	2,8	-8,6
26-45 ára	296	89,5	7,8	2,7	-8,5
46-59 ára	197	87,3	10,7	2,0	-8,5
60 ára og eldri	141	88,7	7,1	4,3	-8,4
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	353	92,1	5,1	2,8	-8,6
Borgarfjörður og Mýrar	173	89,0	8,7	2,3	-8,7
Snæfellsnes	172	82,0	14,5	3,5	-7,9
Dalir	42	85,7	11,9	2,4	-8,3
Heimilisaðstæður:					
Engin börn á heimili	319	87,8	9,1	3,1	-8,6
Börn á heimili	423	89,4	8,0	2,6	-8,7
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	68	94,1	4,4	1,5	-4,3
Í vinnu	562	88,4	9,3	2,3	-8,6
Utan vinnuafis/ekki í vinnu	108	87,0	6,5	6,5	-8,1
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	527	88,2	8,2	3,6	-8,6
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	197	88,8	10,2	1,0	-8,6

Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins að vetrarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

HVASSVIÐRI/SVIPTIVINDAR:

	Fjöldi	Hlutfall*	Vikmörk
Sjaldan/aldrei	35	4,5	1,5
Stundum	296	38,0	3,4
Oft	282	36,2	3,4
Mjög oft	154	19,8	2,8
Nær alltaf	11	1,4	0,8
Alls	778	100,0	




* hlutfall þeirra sem svara

Greiningar:	Fjöldi:	Sjaldan/aldrei eða stundum %	Oft %	Mjög oft eða nær alltaf %	Aldrei eða stundum á móti mjög oft eða alltaf %
Heild:	778	42,5	36,2	21,2	-11
Kyn:					
Karl	392	47,4	37,2	15,3	-32
Kona	386	37,6	35,2	27,2	-10
Aldur:					
25 ára og yngri	110	22,7	47,3	30,0	7
26-45 ára	301	35,5	38,2	26,2	-9
46-59 ára	209	50,7	29,7	19,6	-31
60 ára og eldri	158	58,9	33,5	7,6	-51
Búseta:					
Akranes og sunnan Skarðsheiðar	362	45,9	33,7	20,4	-26
Borgarfjörður og Mýrar	185	38,9	42,2	18,9	-20
Snæfellsnes	183	41,5	33,9	24,6	-17
Dalir	46	37,0	39,1	23,9	-13
Heimilisáðstæður:					
Engin börn á heimili	351	47,0	35,0	17,9	-29
Börn á heimili	427	38,9	37,2	23,9	-15
Staða á vinnumarkaði:					
Í námi	69	26,1	44,9	29,0	3
Í vinnu	583	43,7	34,6	21,6	-22
Utan vinnuaflds	121	46,3	38,8	14,9	-31
Eigin akstur:					
Ég ek eingöngu einkabíl	553	41,8	36,5	21,7	-20
Ég ek einnig bíl í atvinnuskyni	205	43,4	35,6	21,0	-22

Ef þú hugsar um ferðir þínar til höfuðborgarsvæðisins áð vetrarlagi, hversu vel eiga eftirtaldir þættir við um þær?

